

Myndlistarráð

Fundur nr. 23/2024

Mánudaginn 23. september, kl. 17:00

Gimli, Lækjargata 3

Mættir eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM), Hlynur Helgason (SÍM) og Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar. Fundargerð ritar Tinna Guðmundsdóttir.

Fundargerð:

- Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð frá 21. ágúst 2024 samþykkt.
- Innsent erindi
 - Lagt fyrir erindi frá Finni Arnari Arnarsyni og Áslaugu Thorlacius varðandi stöðu verkefnis með styrk úr seinni úthlutun myndlistarsjóðs 2022.
 - Myndlistarráð afgreiðir erindið og samþykkir að greiða styrkþegum eftirstöðvar af styrk.
- Afgreiðsla á haustúthlutun myndlistarsjóðs 2024
 - Matsnefndir hafa lokið störfum.
 - Fulltrúar myndlistarráðs í matsnefndum voru: Anna Jóhannsdóttir, Margrét Elísabet Ólafsdóttir, Katrín Elvarsdóttir og Hlynur Helgason. Aðrir nefndarmenn voru Einar Garibaldi Einarsson og Hrafnhildur Gissurardóttir.
 - Niðurstöður matsnefndar fyrir útgáfa-, rannsóknar- og aðrir styrkir kynntar. Alls bárust 30 umsóknir og sótt var um fyrir samtals 36.700.000 kr. Matsnefnd leggur til að 9 verkefni hljóti styrki fyrir alls 5.000.000 kr.
 - Niðurstöður matsnefndar fyrir undirbúningsstyrki kynntar. Alls bárust 36 umsóknir fyrir og sótt var um fyrir samtals 48.800.000 kr. Matsnefnd leggur til að 11 verkefni hljóti undirbúningsstyrk fyrir alls 7.000.000 kr.
 - Niðurstöður matsnefndar fyrir sýningarverkefni kynntar. Alls bárust 121 umsóknir og sótt var um fyrir samtals 118.400.000 kr. Matsnefnd leggur til að 40 sýningarverkefni hljóti styrk fyrir alls 21.300.000 kr.
 - Myndlistarráð samþykkir niðurstöður matsnefnda og úthlutar 33.300.000 kr. í haustúthlutun 2024.

Samtölur – myndlistarsjóður haustumsóknarlota 2024						Árangurshlutfall		
Fj. umsókna	Flokkar	Samtals sótt um	%	Styrkhafar	Úthlutað	%	Upphæðir	Umsóknir
30	Útgáfu-, rannsóknar- og aðrir styrkir	36.700.000	18%	9	5.000.000	15%	14%	30%
36	Undirbúningsstyrkir	48.800.000	24%	11	7.000.000	21%	14%	31%
121	Sýningarstyrkir	118.400.000	58%	40	21.300.000	64%	18%	33%
187		203.900.000	100%	60	33.300.000	100%	16%	32%

4. Samstarfssamningur við Sequences myndlistarhátíð

- Samningur við Sequences lagður fram.
- Myndlistaráð samþykkir samningin og skal hann verða undirritaður fimmtudaginn 26. september.

5. Úthlutunarathöfn

- Úthlutunarahöfn fyrir myndlistarsjóð verður haldin 26. september kl. 15:00 í Lestrarsal Safnahússins, Hverfisgötu.
- Ráðherra hefur boðað komu.
- Rætt um skipulag og kostnað.

6. Fjárlög 2025

- Auður greinir frá að myndlistarsjóður er 77,6 m.kr. á fjárlögum 2025.

7. Önnur mál

- Myndlistarráð ákveður að á næsta fundi verði lögð áhersla á að fjalla um matskvarða fyrir umsóknir í sjóðinn.

Fundi slitið 18:35

Næsti fundur haldinn miðvikudaginn 23. október 2024 kl. 15:00.